

Foreldrar/forráðamenn

Nú er haustið komið með misjöfnu veðri og myrkri þannig að við þurfum að gæta enn frekar að börnunum í umferðinni.

Mikilvægt er að allir séu með endurskinsmerki eða í flikum með endurskini. Nemendur sem ekki fengu endurskinsmerki í maí fá þau afhent í næstu viku.

Gangandi vegfarendur eiga að nota gangstétt eða gangstíg og eiga þeir forgang umfram vegfarendur á hjólum. Við hvetjum alla foreldra til að fara yfir það með sínu barni hver öruggasta leiðin í skólann er. Munum að nota gangbrautarljós og nýju göngin milli hverfa, í átt að Hópsskóla.

Þegar dagsbirtu hættir að njóta á morgnana ættu reiðhjól og önnur farartæki nemenda að fara í geymslu. Ef nemendur eru að koma í skólann á hjólum þá þarf sá búnaður að vera í samræmi við aldur barns þannig að barnið ráði örugglega vel við farartækið. Einnig þarf barnið að kunna og virða umferðarreglur og reglur um öryggisbúnað. Því miður eru slys á reiðhjólum, hlaupahjólum, hjólabrettum og slíkum farartækjum nokkuð algeng og áverkar geta verið alvarlegir.

Á heimasíðu Samgöngustofu má finna reglur varðandi ýmsar tegundir farartæka og bið ég ykkur að kynna ykkur þær, sjá slóðir hér að neðan.

Reiðhjól:

<https://www.samgongustofa.is/umferd/fraedsla-og-oryggi/fraedsla/reidhjol/>

Börnum yngri en 16 ára ber samkvæmt lögum að nota hlífðarhjálms hjólreiðar. Einnig þarf að fylgjast með að ljósabúnaður sé í lagi ef hjólað er í myrkri. Endurskinsvesti eða föt í áberandi litum auka sýnileika.

Rafhlaupahjól:

<https://www.samgongustofa.is/rafmagnshlaupahjol/>

Rafhlaupahjól lúta sömu reglum og reiðhjól en ekki má aka rafmagnshlaupahjólum á akbrautum. Nota á hjálm og þegar farið er um stíga og gangstéttar þá gildir hægri umferð og taka á fram úr vinstra megin. Gangandi vegfarendur eiga réttinn.

Létt bifhjól í flokki I:

<https://www.samgongustofa.is/umferd/fraedsla-og-oryggi/fraedsla/velknuin-hjol/>

Létt bifhjól í flokki I eru vélknúin ökutæki, raf- eða bensíndrifin sem ná ekki meiri hraða en 25 km./klst. Ökumaður verður að vera orðinn 13 ára. Skyllt er að nota hjálm og ungir ökumenn mega ekki vera með farþega. Ökumenn eiga að víkja fyrir gangandi vegfarendum.

Létt bifhjól í flokki II:

<https://www.samgongustofa.is/umferd/fraedsla-og-oryggi/fraedsla/velknuin-hjol/lett-bifhjol-i-flokki-ii/>

Létt bifhjól í flokki II eru oftast kölluð skellinöðrur. Þessi hjól komast á 45km/klst. Til að aka slíku hjóli þarf ökumaður að vera orðinn 15 ára og vera með ökuþróf, B-réttindi eða AM-réttindi. Þessum hjólum má eingöngu aka á akbrautum en EKKI á gangstéttum eða stígum. Skyllt er að nota hjálm og ungir ökumenn mega ekki vera með farþega.

Við biðjum ykkur ágætu foreldrar að fara vel yfir ofangreind atriði með ykkar barni og þá sérstaklega þann flokk farartækja sem á við ykkar barn.

Við minnum líka á að ekki er ætlast til að foreldrar keyri nemendur í íþróttir og sund. Þessar gönguferðir eru hugsaðar sem hreyfing og til að efla samskipti milli nemenda.